

Alþingi
Erindi nr. **D** 126/2541
komudagur 9.5.2001

Til samgöngunefndar Alþingis

Rvík, 8. maí 2001

Landssambandi eldri borgara barst til umsagnar með póstinum í dag kl. 10:15 frumvarp til laga um sölu Landssíma Íslands h/f og óskað var eftir að umsögn bærist nefndarsviði Alþingis fyrir kl. 16 í gær.


Við hjá Landssambandinu kunnum nú ekki, þó gömul séum og lífsreynd að skipuleggja okkar vinnu svona í tímasetningum.

Við getum því ekki orðið við því að skila vandaðri efnislegrí umsögn um frumvarp þetta, enda gefst ekki færi til að taka það til efnislegra meðferðar á stjórnarfundi.

Almennt um málið leifi ég mér þó, sem formaður Landssambandsins, ekki síst í ljósi umræðu um sölu ríkiseigna á ný afstöðnum Landsfundi samtaka okkar um að mikilvægt sé að andvirði seldra gamalla ríkisfyrirtækja svo sem Landssíma og banka, sem hafa verið að byggjast upp á mörgum áratugum, verði ekki bara notað til þess að greiða niður ný uppsafnaðar skuldir ríkissjóðs eins og ætla mætti af tölulíð 4. á bls. 18 á plaggi þessu.

Samtök okkar hafa áður bent á að eðlilegt væri að nota verulegan hluta söluandvirðis gamalla ríkisfyrirtækja til uppbyggingar á sérstökum sjóði. Sjóð sem kalla mætti kynslóðajöfnunarsjóð, kannski svona 40-50 miljarða króna og nýta ávöxtun þess sjóðs á næstu árum til að rétta af það sem á hefir hallað í velferðarkerfinu á undanförmum árum og jafnvel efla það.

Virðingafyllst,



Benedikt Davíðsson